

Viðbrögð ef barn týnist í vettvangsferðum

Kennari/ritari:

1. Um leið og kennari uppgötvar að barn hefur orðið viðskila við hópinn og finnst ekki eftir vettvangsathugun/leit hefur hann samband við ritara skólans sem tekur við málinu í samráði við skólastjórnanda/umsjónarmann skólans. Ábyrgð kennarans er þá að halda utan um nemendahópinn og koma honum af öryggi á leiðarenda.
2. Ritari skólans hringir á áfangstað hópsins ef það á við (t.d. fjölskyldu- og húsdýragarðurinn) og eða strætó/rútufyrirtæki.
3. Ritari skólans hringir í foreldra barnsins, segir hvar hópurinn var í vettvangsferð og biður um ráðleggingar, þ.e. hvort barnið þekki þarna til og hvort það sé líklegt til þess að fara einhverja tiltekna leið/áfangastað.
4. Ritari skólans hefur samband við neyðarlínuna/lögregluna.

Neyðarlína hringir í ritara ef barnið finnst.

Foreldri hringir í ritara ef barnið finnst.

Kennari hringir í ritara ef barnið finnst.

Um leið og barnið finnst lætur ritari hlutaðeigandi vita: neyðarlínu, foreldra, kennarann.

Barnið:

1. Halda kyrru fyrir þar sem það týnir hópnum þar sem það er sýnilegt en samt í skjóli ef veður er þannig.
2. Biðja fullorðinn vegfaranda um aðstoð t.d. að fá lánaðan síma og hringja í síma foreldris/ neyðarlínuna.
3. Halda áfram kyrru fyrir en má ekki fylgja öðrum af vettvangi en starfsmanni skólans/lögreglu.

Samþykkt á kennarafundi 28. september 2010